


LANDSLAGIÐ TEKIÐ MEÐ HEIM Í STOFU

Tvær sýningar verða opnaðar í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi kl. 16 í dag. MARGRÉT SVEINBJÖRNSDÓTTIR fór á fund þeirra Önnu Jóa og Ólafar Oddgeirsdóttur, sem eru sýningarstjórar á sýningunni Sófamálverkið, og Eiríks Þorlákssonar safnstjóra, sem sagði henni frá frönsku sýningunni Frásagnarmálverkið. Báðar standa sýningararnar til 25. mars nk.



Sýningarstjórarinn Anna Jóa og Ólög Oddgeirsdóttir fóru með sófa upp í Öskjuhlíð og stilltu sér upp til myndatöku fyrir sýningarskrá, uppáklæddar sem fulltrúar 20. og 21. aldarinnar. Römmuðu svo inn Skarðsheiðina og hluta af borgarlandslaginu fyrir ofan sófann.

Ljósmynd/Hanna Gunnarsdóttir

VÍÐ sátum einn góðan veðurdag á Kjarvalsstöðum og vorum að drekka kaffi og ræða málverkið – en við erum báðar málarar. Svo barst það í tal að íslenska málverkið ætti 100 ára afmæli núna um aldamótin en Þórarinn B. Þorláksson opnaði fyrstu málverkasýninguna í desember árið 1900. Við fórum að hugsa hvað við gætum gert til að

halda upp á afmæli málverksins og þá kom þessi hugmynd bara eins og þruma úr heiðskíru lofti, næstum því fullmótuð. Okkur datt í hug að það væri tilvalið að fjalla um sófamálverkið vegna þess að það er orðið ákveðið hugtak í íslenskri menningu,“ segir Anna Jóa þegar hún er spurð út í tildrög sýningarinnar sem hún og Ólög Oddgeirsdóttir hafa sett upp í Hafnarhúsinu en yfirskrift hennar er einmitt Sófamálverkið.

Með sófamálverkinu skírskota þær til

þeirrar sterku hefðar á íslenskum heimilum að gera stofuna að miðpunkti heimilisins – og sófann með hinu hefðbundna málverki fyrir ofan að miðpunkti stofunnar. „Með því að taka fyrir sófamálverkið erum við að fjalla um meira en málverkið. Við erum að fjalla um þróun málralistarinnar á síðustu öld, sem var öld mikilla breytinga á Íslandi og þannig er hægt að spegla margt í einu; þjóðfélagsbreytingarnar, þróun málverksins og viðhorf almennings til þess – án þess að vera

að gera einhverja sérstaka úttekt á listasöggunni, það var ekki markmiðið,“ heldur Anna áfram.

Gaman að sjá hvað málverkið skipar veglegan sess

Þær stöllur fengu að fara með myndavél inn á fjölmörg íslensk heimili og taka myndir af stofusófanum og málverkinu fyrir ofan hann. Heimilin eru jafnólík og þau eru mörg, hefðbundin jafnt sem framúrstefnuleg, enda

FRÁSAGNAR- MÁLVERK FRÁ FRAKKLANDI

LISTAMENNIRNIR sem eiga verk á sýningunni Frásagnarmálverkið sem opnuð verður í sölu E og F í Hafnarhúsinu í dag eru Valerio Adami, Peter Klasen, Jacques Monory, Hervé Télémaque, Bernard Rancillac og Erró. Á sýningunni eru rúmlega 40 verk en Listasafn Reykjavíkur setur hana upp í samvinnu við Villa Tamaris í Frakklandi, þar sem hún var opnuð í júní sl., og Listasafnið í Bergen, þar sem hún var í haust.

„Þessi hópur listmálara er búinn að vera í formlegu og óformlegu samneyti frá því snemma á sjöunda áratugnum þegar þeir uppgötva að þeir eru allir að vinna meira og minna í figúratífu málverki á tíma þar sem afstraktmálverkið er hið ráðandi listform í málverkinu. Þannig að þeir eru að koma fram með algerlega nýja hluti á þessum tíma,“ segir Eiríkur Þorláksson safnstjóri og bætir við að þessara málara sem Íslend-

ingar þekki best, Erró, birtist nú í breiðara listsögulegu samhengi en við höfum séð hér hingað til. Eiríkur segir hópinn hafa sýnt saman af og til á síðastliðnum fjórum áratugum. „Hér var til dæmis lítil og mjög falleg sýning á grafíkverkum ýmissa úr hópnum í Galleríu Nýhöfn árið 1991. Þessi sýning núna er tilraun til að líta til þeirra og fylgja þeim örlítið eftir,“ segir hann. Á sýningunni í Hafnarhúsinu beinist kastljósið ekki eingöngu að verkum frá upphafi tímabilsins heldur verður skoðað hvað listamennirnir hafa tekið sér fyrir hendur síðan og hvernig figúratíf list þeirra hefur þróast allt fram undir þennan dag.

Ekki hreyfing í hefðbundnum skilningi

Í kynningu frá Listasafni Reykjavíkur segir m.a. um myndefni, tækni og samnefnara listamannanna frönsku: „Í sköpunarferli



Bernard Rancillac: Chick Webb, 1997.

Morgunblaðið/Jim Smart